

Frumvarp til laga

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Gildissvið.

Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar og í 4. gr.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

Ákvæði þessara laga gilda ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

Ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gilda ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr.

2. gr.

Stjórn vatnsveitu.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum. Sveitarstjórn getur ráðið vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr.

Sveitarstjórn skal fylgjast reglubundið með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við það sem lög eða samningar kveða á um.

3. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórnnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Ákvæði VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði nema um annað sé sérstaklega samið.

4. gr.

Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum.

Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal eftir því sem við á kveðið á um eignarétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt sveitarfélagsins á stofnkerfi og fastafjármunum vatnsveitunnar í samningi aðila auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð stofnkerfis og fastafjármuna skv. 2. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr, nema sammingsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

5. gr.

Vatnsæðar.

Eigandi vatnsveitu sér um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun á þeim. Vatnsveitu er skylt að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem stjórn vatnsveitu setur og skal sú heimæð teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal senda til vatnsveitu.

Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til vatnsveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingunum.

Vatn, sem tekið er úr stofnkrana innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema stjórn vatnsveitu samþykki annars konar fyrirkomulag. Stjórn vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá skv. 10. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari

ákvæðum í reglugerð. Heimæðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

6. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. Í þeim tilvikum sem matsverð fasteignar liggur ekki fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur þó notið vatns frá vatnsveitu, er heimilt að ákveða upphæð vatnsgjalds með hliðsjón af áætluðu fasteignamati fullfrágenginnar eignarinnar, og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 1. og 2. málsl. skal þó aldrei vera hærri en segir í 1. mgr.

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignaskatti. Skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

7. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald skal að jafnaði innheimta eftir á samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður stjórn vatnsveitu gjaldið samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveita lætur þeim er greiða skulu notkunargjald í té löggilta vatnsmæla þar sem þeim verður við komið en notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi vatnsmælanna og skal notandi greiða gjald fyrir leigu mælis samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að rjúfa innsigli mælis nema með leyfi vatnsveitu.

Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Heimilt er að áætla vatnsnotkun ef ekki er unnt að mæla hana.

Heimilt er í gjaldskrá að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka eftir magni og/eða notkun. Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

8. gr.

Endurgjald til annarra vatnsveitna.

Selji vatnsveita annarri vatnsveitu vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða með mati dómkvaddra matsmanna, náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannaðlegur kostnaður við sölu, ásamt allt að 5% álagi.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Vatnsgjaldi og heimæðargjaldi, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum, fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Notkunargjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

10. gr.

Gjaldskrá vatnsveitu.

Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. þessara laga. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Heimilt er að skipta starfssvæði vatnsveitu í veitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði.

Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

11. gr.

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtöku, vatnsæðar o.fl.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu og byggist það í meginatriðum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra flutti á 128. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Við gerð þess frumvarps sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til umsagna sem bárust félagsmálanefnd Alþingis um málið og einnig hefur ráðuneytið haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorku, samtök rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, við frumvarpsgerðina. Varð niðurstaðan af því samráði að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þær breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Það landsvæði sem einkaréttur sveitarstjórnar til reksturs vatnsveitu og sölu vatns gildir á er skilgreint á annan hátt en í gildandi lögum. Er lagt til að einkarétturinn gildi innan staðarmarka sveitarfélagsins að því leyti sem annað er ekki tekið fram í lögum. Þetta hefur meðal annars í för með sér að einkarétturinn verður ekki til staðar á landsvæðum í dreifbýli þar sem óhagkvæmt þykir að leggja vatnsveitu og á landsvæðum þar sem vatnsveita í eigu vatnsveitufélags eða annars aðila er þegar starfandi, sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögnum. Framsalið skal binda nánar tilgreindum skilyrðum og kvöðum. Jafnframt er í frumvarpinu mælt fyrir um skyldu sveitarstjórnar til að hafa eftirlit með því að vatnsveita veiti íbúum fullnægjandi þjónustu.

Mælt er fyrir um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Jafnframt er lagt til að vatnsveita geti krafið einstaka notendur um hluta kostnaðar þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun til brunavarna.

Lagt er til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 7. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að notkunargjald sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Einnig er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka en afnumið er ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli miðast við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gjaldtaka vatnsveitna byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar vegna framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun.

Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum. Þar sem svo háttar til að ekki hefur verið kosin sérstök stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn með ákvörðunarvald um málefni vatnsveitu. Í þeim tilvikum sem einkaréttur sveitarfélags til starfrækslu vatnsveitu hefur verið falinn öðrum eða vatnsveita er í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga fer um stjórn vatnsveitunnar eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerð eða samþykktum sem gilda um rekstur hennar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að starfrækja vatnsveitu í kaupstöðum og bæjum. Jafnframt er hreppsnefndum heimilað að starfrækja vatnsveitu í hreppum ef slíkt er hagkvæmt. Orðalag ákvæðisins er í samræmi við ákvæði eldri sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en í gildandi sveitarstjórnarlögum eru þéttbýlisstöðum ekki gefin

mismunandi heiti eftir stærð þeirra. Meðal annars af þessari ástæðu er mælt fyrir um það í 1. mgr. að sveitarfélögum sé skylt að starfrækja vatnsveitu í þéttbýli nema þegar vatnsveita er þegar starfandi þar. Í 2. mgr. er sveitarfélögum á sambærilegan hátt heimilað að starfrækja vatnsveitu í dreifbýli ef rannsóknir og kostnaðaráætlanir sýna að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

Ákvæði 3.–4. mgr. eru nýmæli og er þeim ætlað að afmarka gildissvið laganna á skýrari hátt en gert er í lögum nr. 81/1991, meðal annars að því er varðar einkarétt sveitarfélaga til að starfrækja vatnsveitu, sbr. 4. gr.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að sveitarstjórn fari með stjórn vatnsveitu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið. Með þessu orðalagi verður sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Ákvæðið er samið með hliðsjón af nýjum raforkulögum, nr. 65/2003, þar sem mælt er fyrir um að öll fyrirtæki sem annast dreifingu raforku skuli vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá þeim rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun.

Með því að gefa rekstrarform vatnsveitna í eigu sveitarfélaga frjálst er verið að koma í veg fyrir að skipta verði veitufyrirtækjum í eigu sveitarfélaga upp í tvö eða fleiri fyrirtæki eða stofnanir til að uppfylla skilyrði 14. gr. raforkulaga. Ákvæði 1. mgr. er jafnframt ætlað að veita vatnsveitum sem eingöngu eru í eigu eins sveitarfélags sambærilega stöðu og vatnsveitum sem eru í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga, en skv. 3. gr. gildandi laga er sameigendum vatnsveitu heimilt að gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli og er því ætlað að tryggja að ákvæði frumvarpsins endurspegli öll þau fjölbreytilegu rekstrarform vatnsveitna sveitarfélaga sem nú fyrirfinnast hér á landi.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að fylgjast með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé fullnægjandi. Þótt ákvæðið eigi einkum við þegar ráðstöfun skv. 4. gr. hefur átt sér stað gildir það einnig þegar sveitarfélag stendur sjálft að rekstri vatnsveitu eða í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Fyrri másl. 1. mgr. er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga en kveðið er á um það nýmæli í 2. másl. 1. mgr. að sveitarstjórn sem lagt hefur vatnsveitu sé heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögnum. Ákvæðið tekur m.a. til einkaréttar sveitarstjórnar á rekstri vatnsveitu og sölu vatns þar sem einkarétturinn er fyrir hendi.

Fyrir slíkri ráðstöfun geta legið gildar ástæður en skýrt er tekið fram í greininni að með henni taki viðkomandi stofnun eða fyrirtæki bæði að sér réttindi og skyldur sveitarfélagsins samkvæmt lögnum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 31. gr. orkulaga að því er varðar hitaveitur, en vegna þess að rekstur vatnsveitu telst til skylduverkefna sveitarfélaga þótti ástæða til að takmarka heimild sveitarstjórnar meira en gert er í orkulögum. Er því ekki heimilt að fela einkaaðila eða lögaðila sem ekki er að meiri hluta í opinberri eigu rekstur vatnsveitu. Í 2. mgr. er m.a. lögð sú skylda á sveitarstjórnir að tryggja að notendur veitunnar fái vatn frá veitunni á viðráðanlegu verði og að sveitarfélagið geti yfirtekið starfsemi veitunnar ef þörf er á, svo sem ef gæði þjónustunnar eru ekki nægileg.

Í 3. mgr. er kveðið nánar á um innlausnarverð stofnkerfis og fastafjármuna vatnsveitu og þarfnast ákvæðið ekki sérstakra skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga en það ákvæði þykir að sumu leyti torskilið og þótti ástæða til að orða það skýrar, m.a. varðandi gjaldtökuheimildir.

Helstu breytingar frá gildandi ákvæði felast í því að í 5. mgr. er lagt til að kveðið verði á um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000. Jafnframt er lagt til að í 6. mgr. komi heimild til að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Loks skal þess getið að 1. mgr. er að mestu efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga en í 3. másl. ákvæðisins er þó lögð til sú breyting, að því er varðar eignarhald og viðhaldsskyldu á heimæðum, að vatnsveitu verði skylt að yfirtaka heimæð komi fram skrifleg beiðni frá eiganda hennar. Ástæða þessa er sú að nú eru liðin tólf ár frá gildistöku laga nr. 81/1991, sem m.a. gerðu ráð fyrir því að vatnsveitur sæju um og eignuðust heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Þykir ekki lengur þörf á að hlífa vatnsveitum við skyldunni til að endurnýja illa frágengnar heimæðar og því eðlilegt að húseigendum verði gert kleift að losna undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera á þeim ábyrgð.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga en gerðar hafa verið breytingar á orðalagi og uppsetningu ákvæðisins, meðal annars með hliðsjón af því að stofn til útreiknings vatnsgjalds er nú fasteignamat viðkomandi eignar í stað álagningarstofns sem miðast við afskrifað endurstofnverð fasteignar. Af þeirri ástæðu þótti heldur ekki ástæða til þess að hafa lengur í gildi ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð í þeim tilvikum þegar ágreiningur verður um gjaldstofn.

Í 1. mgr. er lagt til að orðin „og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu“ falli brott. Hér er þó ekki um efnisbreytingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sambærileg regla verði framvegis í 10. gr. þar sem kveðið er á um gjaldskrá vatnsveitu.

Að öðru leyti felur greinin fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Að stofni til byggist greinin á 8. gr. gildandi laga en lagðar eru til allnokkrar efnisbreytingar. Fyrst ber að nefna að í 1. mgr. er lagt til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 6. gr. Þá er miðað við að notkunargjald skuli greiða af allri atvinnustarfsemi og allri vatnsnotkun til annars en venjulegra heimilisþarfa en vafi hefur leikið á því hvort túlka beri 1. mgr. 8. gr. gildandi laga á þann veg að atvinnustarfsemi þar sem vatnsnotkun er lítil skuli undanþegin aukavatnsgjaldi.

Í 3. másl. 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að rjúfa innsigli vatnsmælis nema með leyfi vatnsveitu. Er hér um að ræða refsiverða háttsemi skv. 113. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er að taka fram að ekki er talin þörf á því að hafa í frumvarpinu sérstakt refsíákvæði líkt og ákvæði 12. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka. Jafnframt er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi, sem kveðið er á um í gildandi lögum, að hámark aukavatnsgjalds miðist við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Þess í stað er miðað við að ákvörðun notkunargjalds miðist við almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga en gerðar hafa verið orðalagsbreytingar til samræmis við 7. gr. frumvarpsins. Einnig hefur orðalagi í 2. mgr. verið breytt lítills háttar.

Um 10. gr.

Í 11. gr. gildandi laga er sveitarstjórn falið að setja vatnsveitu gjaldskrá og auglýsa hana. Vegna þess hve rekstrarform vatnsveitna getur verið fjölbreytilegt þykir nauðsynlegt til að einfalda framkvæmd að kveða á um að stjórn vatnsveitu annist þessi verkefni.

Regla 2. másl. 1. mgr. byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna. Til að taka af allan vafa er kveðið sérstaklega á um heimild til þess að taka fjármagnskostnað og fyrirhugaðan stofnkostnað samkvæmt langtímaáætlun veitunnar með í reikninginn við gjaldskrárútreikning. Samkvæmt 11. gr. setur ráðherra nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Algengt er að veitufyrirtæki sameinist og við það getur starfssvæði vatnsveitu orðið afar stórt. Er ákvæðinu ætlað að eyða óvissu um það hvort heimilt sé að hafa fleiri en eina gjaldskrá í gildi en til að slíkt sé heimilt þarf vatnsveita að auglýsa skiptingu starfssvæðis síns í veitusvæði.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

*Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:*

Mat á áhrifum frumvarps til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember 2002.)

Þær breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna.

Ráðstöfunarheimildir sveitarfélags á einkarétti þess til reksturs vatnsveitu eru auknar í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. þar sem lagt er til að sveitarstjórn geti falið stofnun eða fyrirtæki, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, einkarétt sinn á rekstri vatnsveitu og sölu vatns. Í 1. mgr. 2. gr. er sveitarstjórn jafnframt heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Skv. 5. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, verða virkjanaleyfi til raforkuframleiðslu aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila og gerir frumvarpið sveitarstjórnnum kleift, ef svo ber undir, að reka í einu félagi vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu.

Með frumvarpinu er jafnframt stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Með 6. gr. er komið í veg fyrir ágreining um stofn til útreiknings vatnsgjalds þar sem fasteignamat viðkomandi eignar ákvarðar nú stofninn í stað álagningarstofns. Í 7. gr. er lagt til að notkunargjald (aukavatnsgjald í gildandi lögum) skuli greiða af allri atvinnustarfsemi og allri vatnsnotkun sem ekki flokkast undir venjulega heimilisnotkun óháð umfangi notkunarinnar. Í 10. gr. er tekið fram að heimilt er að taka tillit til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar í gjaldskrá vatnsveitu og jafnframt að skipta starfssvæði vatnsveitu í veituvæði með sérstaka gjaldskrá fyrir hvert svæði.

Skyldur sveitarfélaga eru einungis auknar á einu sviði er varðar eignarhald og viðhaldsskyldur á heimæðum þar sem í 1. mgr. 5. gr. er lagt til að sveitarfélagi sé skylt að yfirtaka heimæð komi fram skrifleg beiðni frá eiganda hennar.

Af framansögðu verður ekki séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Á hinn bóginn kann það, með auknum sveigjanleika í rekstri og rekstrarformi, að gera sveitarstjórnnum kleift að hagræða rekstri vatnsveitna.

Fylgiskjal II.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/1991,
um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum frá gildandi lögum sem m.a. miða að auknum sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna sveitarfélaga. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Heimildirnar skulu þó byggjast á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af veittri þjónustu. Samkvæmt frumvarpinu fer sveitarstjórn með stjórn vatnsveitumála í viðkomandi sveitarfélagi en jafnframt er gert ráð fyrir heimild hennar til að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.